



# Rannsóknir og rannsóknarskýrslur

LOVE3SR05



# Af hverju rannsóknir?

- Rannsóknir eru framkvæmdar til þess að komast að þekkingu
- Í rannsóknum notum við **kerfisbundnar aðferðir** til þess að komast að niðurstöðum og bæta þannig við þá þekkingu sem þegar er til staðar
  - Frumrannsóknir
- ...eða við notum kerfisbundnar aðferðir til þess að staðfesta niðurstöður fyrri rannsókna
  - Staðfestandi eða endurtektarrannsóknir.

# Eru allar rannsóknaraðferðir eins?

Við skiptum rannsóknum upp í tvo flokka:

- Eigindlegar rannsóknaraðferðir
- Megindlegar rannsóknaraðferðir

# Eigindlegar rannsóknir

- Samheiti yfir fjölbreyttar rannsóknaraðferðir sem eiga það sameiginlegt að rannsakendur telja veruleikann vera huglægan, mótaðan af fasi, framkomu og fólkinu sjálfu á vettvangi.
  - Djúpvíðtöl
  - Vettvangsathugun

# Eigindlegar rannsóknir: Djúpvíðtöl

- Um margt líkt og venjuleg samtöl.
- Má hafa einhverjar spurningar til stuðnings en samtalið á að flæða.
- Rannsakandi dregur síðan þemu út úr samtölunum.
- Hér þarf að passa vel upp á að rödd viðmælandans sé í aðalhlutverki og rannsakandinn stýri ekki svörum viðmælandans.

# Eigindlegar rannsóknir: Vettvangsathugun

- Athugun án þátttöku:
  - Rannsakandi óvirkur á vettvangi, fylgist með, skráir hjá sér og lætur lítið fyrir sér fara.
- Þátttökurathugun:
  - Fólk rannsakað í sínu eðlilega umhverfi og rannsakandinn er þátttakandi. Til dæmis hefði einhver áhuga á að rannsaka gengi myndi rannsakandinn reyna að komast inn í það.

# Megindlegar rannsóknaraðferðir

- Samheiti yfir rannsóknir sem gerðar eru í anda vísindalegra aðferða raunvísindanna.
- Gera ráð fyrir að allir hlutir séu efnislegir og þannig mælanlegir. Oftar en ekki reynt að útbúa mælanlegan kvarða úr hlutum sem eru ekki beint mælanlegir
  - Hamingja
  - Líðan
  - Gleði

# Megindlegar rannsóknir:

- Kannanir
- Faraldsfræði
- Spurningalistar
- Og svo frv.



# Megindlegar rannsóknir: spurningalistakannanir

- Í könnun er verið að mæla viðhorf, skoðun eða atferli (hegðun) eða líðan fólks.
- Oftast notast við staðlaða spurningalista. En það er líka í lagi að nota spurningar sem maður býr til sjálfur.
- Það þarf þó að huga vel að því hvernig spurningarnar eru settar upp og settar fram

# Gátlisti við gerð spurningalista

1. Notaður frekar lokaðar en opnar spurningar.
2. Spurðu beinna spurninga og leggðu áherslu á skýran texta.
3. Spurðu aðeins um eitt atriði í hverri spurningu.
4. Notaðu hlutlaust orðalag í texta spurningar.
5. Forðastu leiðandi orðalag í texta spurningar.
6. Forðastu að nota neitun í texta spurningar.
7. Svarkostir tiltekinnar spurningar mega ekki skarast.
8. Vertu viss um að mikilvægan svarmöguleika í tiltekinni spurningu.
9. Mælt er með að hafa 5 svarmöguleika - en það fer eftir spurningunni.
10. Gott er að hafa áhugaverðar spurninga framarlega en viðkvæmar spurningar aftarlegar.
11. Ekki breyta spurningarlistanum úr könnun í þekkingarpróf!
12. Muna að halda sig við aðalatriði en forðast ekki óþægilegar spurningar skipti þær máli fyrir rannsóknina.

# Þýði

**Allur** sá hópur sem við viljum rannsaka hverju sinni

Dæmi: Við ætlum að rannsaka áhrif nýrrar lestrarkennsluaðferðar á lesskilning 6 ára barna á Íslandi

Þýðið er:

Öll 6 ára börn á Íslandi

# Úrtak

Oftast er þýðið allt of fjölmennt til þess að við getum rannsakað það allt. Við þurfum því að taka úrtak.

**Úrtak: Smærri hópur úr þýðinu sem endurspeglar þýðið þó mjög vel.**

Í okkar rannsókn:

Smærri hópur af 6 ára börnum sem valin eru af handahófi (t.d. 300) en passað upp á kynjahlutfall, fæðingarmánuður og búsetu)

# Rannsóknarhópur - tilraunahópur

Sá hópur einstaklinga sem verið er að rannsaka hverju sinni og fær venjulega eitthvað inngrip.

Lesskilningsrannsóknin:

Rannsóknarhópurinn er úrtakið, (þessi 300, 6 ára börn) sem fær að prófa nýju lestrarkennsluaðferðina (inngripið) .

# Samanburðarhópur

Samanburðarhópur er hópur sem er sambærilegur tilraunahópnum, en fær bara ekkert inngrip - eða bara það hefðbundna.

Lesskilningsrannsóknin:

Hér væri það annað sambærilegt úrtak 6 ára barna sem fær hefðbundna lestrarkennslu.

*Að lokum væri lesskilningur metinn hjá báðum hópum og borinn saman.*

# Inngrip

Sá atburður, aðferð, þáttur eða annað slíkt sem tilraunahópur er látinn upplifa og hefur mögulega áhrif.

Rannsóknin snýst um að sjá hvort og þá hvaða áhrif inngripið hefur.

# Breytur

Er einhver þáttur sem hefur gildi í rannsókn.

Getur verið nánast hvað sem er:

- kyn
- aldur
- lesskilningur
- mataræði
- og fl.



# Frumbreyta

Er það sem talið er hafa áhrif á einhvað annað. Sú breyta sem hefur áhrif á aðra breytu.

Í lesskilningsrannsókninni er frumbreytan **lestrarkennsluaðferðin**.

# Fylgibreyta

Fylgibreyta er sá þáttur sem verður fyrir áhrifum af frumbreytunni.

Í lesskilningsrannsókninni er **lesskilningurinn** fylgibreyta.

Af hverju?

Af því að verið er að kanna áhrif lestrarkennsluaðferðar á lesskilning.

# Samsláttarbreyta

Samsláttarbreyta er einhver breyta sem rannsakendur hafa ekki stjórn á - en geta engu að síður haft áhrif á bæði frumbreytuna og fylgibreytuna.

Í lesskilningsrannsókninni geta þetta verið breytur eins og:

- Kyn
- Aldur
- Foreldrar
- Mætingar

# Rannsóknarsnið

Í stuttu máli sagt eru rannsóknarsnið bara aðferðir til þess að framkvæma rannsóknir.

Helstar eru:

- Langtímasnið
- Þverskurðarsnið

# Hvernig skilum við svo niðurstöðum af okkur?

Í skýrslu!!!!

:D

# Skýrsla

- Eru eins og fréttarit vísindanna.
- Hafa mjög ákveðið form sem er mikilvægt að fylgja nákvæmlega þar sem það gerir lestur og greiningu á rannsóknarvinnu annara miklu auðveldari og betri.
- Með því að fylgja forminu er verið að tryggja að allar upplýsingar komi fram.

# Nokkrar óskrifðar reglur í rannsóknarskýrslum

- Nota 3. persónu frekar en 1. persónu í frásögn.
  - Ekki “ég/við lögðum fyrir orðalista” heldur “lagður var fyrir orðalisti” eða “rannsakendur bjuggu til orðalista”
- Texti á að vera stuttur og hnitmiðaður
  - Reyna að útskýra það sem á að koma fram í skýru máli en ekki lengja eða skreyta textann um of → er skýrsla en ekki bókmenntaverk.
- Rannsóknarskýrslur eru yfirleitt ekki skemmtilestur heldur upplýsingaöflun - við lesum til þess að fá upplýsingar og þá er best að þurfa ekki að lesa margar margar blaðsíður!

# Titill rannsóknarskýrslu

- Þarf að vera lýsandi
- Þetta er eins og fyrirsögn í frétt - þarf að vera nógu spennandi og nógu lýsandi til þess að lesandi vilji lesa lengra í greininni.
  - Ekki hafa samt neitt click-bait!
- Titill má ekki vera of langur.





# Uppbygging rannsóknarskýrslu

- Útdráttur
- Inngangur
- Aðferð
  - Þátttakendur
  - Rannsóknarsnið
  - Mælitæki
  - Framkvæmd
- Niðurstöður
- Umræða
- Heimildaskrá
- Viðauki (ef við á)

# Útdráttur

- Skrifaður alveg síðast
- Stutt og hnitmiðað yfirlit yfir rannsóknina (100-150 orð)
- Í honum þarf að koma fram:
  - Hver tilgátan var
  - Hvernig rannsóknin var framkvæmd
  - Hverjir þátttakendur voru
  - Hverjar niðurstöðurnar voru
  - Hvernig höfundar túlka þær
- Engar ítarlegar upplýsingar um hvert, bara mjög stutt
- tldr

# Inngangur

- Eiginlega ritgerð inn í skýrslunni.
- Setur rannsóknarspurninguna í samhengi við fyrri rannsóknir og oft í samhengi við daglegt líf/það sem er að gerast í heiminum.
- Byrjar vítt og leiðir lesandann inn á þröng svið og endar á tilgátu/rannsóknarspurningu fyrir þessa ákveðnu rannsókn.

# Inngangur

- Inniheldur:
  - Skilgreiningar á helstu hugtökum/kenningum.
  - Fyrri rannsóknir á sviðinu.
  - Afhverju er verið að framkvæma þessa rannsókn.
  - Rannsóknarspurningu
- Í inngangi vitnum við til heimilda.

# Aðferð

- Leiðbeiningabæklingur rannsóknarinnar.
- Engar skoðanir, engar fyrri rannsóknir. Bara útskýring á því sem tengist aðferðarfræði, rannsóknaraðferðum, þátttakendum og framkvæmd.
- Er uppskriftin okkar að rannsókninni.
- Á að vera það nákvæmur að ókunnugur geti tekið skýrsluna upp og endurtekið rannsóknina okkar nákvæmlega.

# Aðferð

- Er skipt í undirkafla:
  - **Þátttakendur:** Fjöldi, hópaskipting (ef það á við), aldur (meðalaldur, aldursbil), annað sem skiptir máli um þátttakendur (kyn, nemendur?) og hvernig úrtakið var valið (slembiúrtak eða hentugleikaúrtak?)
  - **Rannsóknarsnið:** Hvaða rannsóknaraðferð notiði. Hver er frumbreyta og fylgibreyta.
  - **Mælitæki:** Tæki og tól sem eru notuð.
  - **Framkvæmd:** Nákvæm lýsing á öllu rannsóknarferlinu. Lýsing á áreitinu (orðalistanum), aðstæðum, hvernig tilraunin var gerð.

# Niðurstöður

- Greint frá niðurstöðum - algjörlega hlutlaust og án nokkura greininga eða ályktana.
- Bara þurr samantekt af tölum, töflum, myndritum og öðru. Tölur og gögn sett fram.
- Engin túlkun, ekki talað um tilgátuna, ekki um fyrri rannsóknir.

# Umræða

- Hér eru niðurstöðurnar túlkaðar.
- Sagt frá hvort að tilgátan hafi staðist eða ekki - og reynt að giska afhverju.
- Eigin hugmyndir um afhverju niðurstöðurnar voru eins og þær voru.
- Nefna skekkjur ef þú telur að þær geti hafa haft áhrif.
- Tengja aftur við fyrri rannsóknir
  - „Niðurstöðurnar í þessari rannsókn voru í samræmi við fyrri rannsóknir þar sem þátttakendur mundu að jafnaði 7 orð.“
- Kveikja niðurstöðurnar á hugmyndum að áframhaldandi rannsóknum?
- Kom eitthvað á óvart?



# Heimildaskrá

- Mikilvægt að vitna til heimilda!
- Ef það er ekki vitnað til heimilda er það ritstuldur.
- Bein / óbein heimild
  - Passið að umorða þegar þið fáið upplýsingar úr bókum
- Veljið heimildirnar vel
  - Ekki wikipedia!
  - Helst ritrýnt eða ritstýrt
  - Kennslubækur, vísindavefurinn, fræðibækur, handbækur, netsíður þar sem er getið hver er höfundur og er frá opinberum stofnunum.

# Viðauki

- Þessi kafli er stundum hafður með.
- Í hann fara öll gögn sem eru birt þátttakendum
  - T.d. orðalisti, spurningalistar, myndir (ef þær eru notaðar sem áreiti t.d. í skynjunarrannsóknnum).
  - Þetta er eitthvað sem er mikilvægt að láta fylgja með, en passar eiginlega hvergi annars staðar.
- Í skýrslunni er hægt að vitna í viðauka. Í framkvæmdarkafla er t.d. Hægt að nefna að gerður hafi verið orðalisti (sjá viðauka).